



# Framkvæmda- fréttir 22. tbl. /08



Reykjanesbraut (41), framkvæmdir við mislæg gatnamót við Arnarnesveg. Verktaki er Suðurverk hf.

## Viðhorfskönnun meðal verktaka og flutningsaðila

Lausnir ehf. hafa skilað til Vegagerðarinnar skýrslu sinni um viðhorfskönnun sem fyrirtækið annaðist meðal verktaka og flutningsaðila sem Vegagerðin á samskipti við. Skýrsluna má sjá í heild á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) undir „Upplýsingar og útgáfa“ og þar undir „Önnur skjöl og skýrslur“. Könnunin fór fram sumarið 2008. Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar árlega frá 2004 og er þær einnig að finna á vefnum.

Sem áður var byggt á opnum spurningum og þess gætt í byrjun að greina frá því að könnunin væri gerð í því skyni að Vegagerðin gæti komið betur til mótis við viðskiptavinum sína og veitt þeim betri þjónustu. Talað var við samtals 50 aðila; 25 úr hópi verktaka og 25 flutningsaðila og sneri könnunin að hinum ýmsu þáttum þjónustunnar.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður hvað varðar hverja spurningu fyrir sig. Þessar niðurstöður eru settar fram

á myndrænan hátt, með súluritum þar sem jafnframt kemur fram samanburður við fyrri könnun frá 2007. Niðurstöðum fylgja einnig athugasemdir og ummæli sem lýsa nánar viðhorfum þeirra sem svöruðu. Í upphafi skýrslunnar er samantekt á niðurstöðum auk ábendinga frá skýrsluhöfundum.

Hér í blaðinu eru birtar niðurstöður fyrir allar spurningar en þeim sem vilja kynna sér athugasemdir og ummæli er vísað á sjálfa skýrsluna.

### Samantekt flutningsaðilar

Þegar spurt er um vegakerfið á Íslandi kemur fram að ánægja flutningsaðila hefur aukist merkjanlega frá síðustu könnun og þeim fækkað sem lýsa óánægju með það. Enn er þó rúmlega helmingur aðspurðra óánægðir eða mjög óánægðir með þennan þátt. Eins og í fyrri könnunum er borið við að vegirnir séu

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 22. tbl. 16. árg. nr. 507 28. júlí 2008**

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum  
og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni  
sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til  
verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og  
fjölmóðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




Flutningsaðilar 1. Hvað finnst þér um vegakerfið á Íslandi?



2. Hver er reynsla þín af Vegagerðinni í sam



4. Hver er reynsla þín af þjónustu Vegagerðarinnar á vegakerfinu (snjómokstur, hálkúvarnir, heflun, vinnustaðamerkingar á vinnusvæðum, málun?)



5. Hefur þú þurft að kvarta yfir þjónustu eða

of mjóir og veikbyggðir fyrir stóra bíla, einkum vegna síaukinnar umferðar. Þá er kvartað yfir lélegu viðhaldi malarvega utan aðalvega. Ánægja hefur aukist nokkuð vegna leyfisveitinga og einnig hvað varðar merkingar á vegum. Þegar spurt er um þjónustu Vegagerðarinnar á vegakerfinu hefur þeim sem lýsa ánægju með þann þátt fjölgað, en einnig hefur fjölgað þeim sem lýsa óánægju. Óánægjan kemur fram í sambandi við hálkúvarnir og snjómokstur, en einnig er kvartað

yfir lélegum merkingum vegna viðhalds á vegum og skort á heflun á malarvegum. Töluvert fleiri kváðust hafa kvartað yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina en í síðustu könnun eða tæp 80% miðað við rúm 50% í síðustu könnun og jafnframt hefur ánægja minnkað með það hvernig brugðist er við kvörtunum. Er því brugðið við að kvartanir skili litlum árangri, lítið verði úr úrbótum og því sé jafnvel ekki vel tekið ef kvartað er. Rúm 80% aðspurðra lýsa ánægju með símsvörun hjá Vegagerðinni og eru það heldur fleiri en í síðustu könnun.




Á framkvæmdakorti fyrir Norðvestursvæði sem birtist í síðasta tölublaði var Kleifaheiði merkt á röngum stað.

### Samantekt verktakar


Niðurstöður spurninga eru í næstu opnu. Rúmir þrjú fjórðu viðmælenda úr hópi verktaka lýsa ánægju eða mikilli ánægju með samskiptin við starfsmenn Vegagerðarinnar í sambandi við útboðsverk og er það aðeins minna hlutfall en áður. Nokkuð meira er um að verktakar geri athugasemdir við útboðsgögn en í síðustu könnun. Er meðal annars til tekið að útboðin séu ekki nægilega vel undirbúin og ekki nægilega nákvæm. Nefnd eru dæmi um að í útboðum




Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 21. júlí. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.




bandi við leyfisveitingar?



3. Hver er reynsla þín af merkingum á vegum?



samskiptum við Vegagerðina?



5a. Hver var reynsla þín af viðbrögðum við kvörtunum?

sé greint frá því að búið sé að semja við landeigendur sem síðan reynist ekki vera og að stundum séu útbodin óljós. Einnig koma fleiri athugasemdir um gæðakröfur og úttektir í sambandi við verkframkvæmdir. Nefnt er að ekki sé farið eftir tilgreindum gæðakröfum og að á því skorti eftirfylgni. Þá er nefnt að Vegagerðin geri kröfur til annarra í þessu sambandi en fari ekki eftir sínum eigin gæðakröfum. Svipaður fjöldi aðspurðra kvaðst hafa kvartað yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina vegna útboda og í síðustu könnun. Þeim sem lýsa óánægju með viðbrögð við kvörtunum hefur fækkað merkjanlega en eru enn rúmlega 40% aðspurðra. Þegar spurt er um reynslu verktaka af símsvörum hjá Vegagerðinni lýsa 96% yfir ánægju eða mikilli ánægju með þennan þátt miðað við 80% í könnuninni sem gerð var 2007.



6. Hvernig er reynsla þín af símsvörum hjá fyrirtækinu (hvernig gengur þér að ná í þá sem þú þarft að ná í)?


**Héðinsfjarðargöng**  
 Gröftur Héðinsfjarðarganga frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar gekk mjög vel í viku 28. Sprengdir voru 75 m í vikunni og var lengd ganga þeim megin frá 591 m mánudaginn 21. júlí. Gröftur frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar gekk lítið vegna vatnsinnrennslis og bergþéttinga. Þar voru einungis sprengdir um 3 m og er lengd ganga þeim megin frá 3.337 m. Samtals var því búið að sprengja 7.568 m eða 71,5% af heildarlengd þann 21. júlí og eru nú 3 km eftir.



Búið er að sprengja 591 m í Héðinsfirði og 3.337 m í Ólafsfirði. Samtals 7.568 m sem er 71,5 % af heildarlengd.

Svörun var 100% og skiptust svörin þannig:

	sept. '07	júní '08
Mjög góð	32%	16%
Góð	52%	60%
Hvorki góð né slæm	4%	16%
Frekar slæm	12%	4%
Mjög slæm	0%	4%
Könnun frá september 2007		



Verktakar 1. Hvernig er reynsla þín af samskiptum þínum við starfsmenn Vegagerðarinnar


Svörun var 96% og skiptust svörin þannig:

	sept. '07	júní '08
Mjög góð	32%	17%
Góð	48%	46%
Hvorki góð né slæm	16%	17%
Frekar slæm	0%	16%
Mjög slæm	4%	4%
Könnun frá september 2007		

2. Hver er reynsla þín af Vegagerðinni í sambandi við útbodsgögnun – framsetning útbodsgagna?

Svörun var 88% og skiptust svörin þannig:

	sept. '07	júní '08
Betri	39%	32%
Jafngóð	44%	50%
Lakari	17%	18%
Könnun frá september 2007		



4. Hvernig finnst þér frammistaða Vegagerðarinnar miðað við aðra verkkaupa?


Svörun var 100% og skiptust svörin þannig:

	sept. '07	júní '08
Já	44%	48%
Nei	56%	52%
Könnun frá september 2007		

5. Hefur þú þurft að kvarta yfir þjónustu eða samskiptum?

Svörun var 92% og skiptust svörin þannig:


	sept. '07	júní '08
Mjög góð	36%	35%
Góð	44%	61%
Hvorki góð né slæm	12%	0%
Frekar slæm	0%	0%
Mjög slæm	8%	4%
Könnun frá september 2007		




6. Hvernig er reynsla þín af símsvörun hjá fyrirtækinu (hvernig gengur þér að ná í þá sem þú þarft að ná í)?

Reykjanesbraut (41),  
Kaldárselsvegur -  
Krýsuvíkurvegur.  
Hönnun tvöföldunar þessa  
vegkafla er boðin út með  
auglýsingu hér í opnuni.






andi við útboðsgögn (aðgengi að)



3. Hvað finnst þér um gæðakröfur og úttektir í sambandi við verkframkvæmdir?



amskiptum við Vegagerðina vegna útboða?



5a Hver var reynsla þín af viðbrögðum við kvörtunum?

## Auglýsingar útboða

### Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur, hönnun 08-077

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í for- og verkhönnun breikkunar Reykjanesbrautar (41) úr tveimur akreinum í fjórar, frá Kaldárselsvegi vestur fyrir mislæg gatnamót Krýsuvíkurvegar að Bikhelli, um 3,3 km. Í verkinu felst m.a. for- og verkhönnun breikkunar mislægra gatnamóta við Strandveg, nýrra mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg, rampa og vegtenginga við mislægu gatnamótin, þriggja mislægra gönguleiða og hljóðvarna.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnimats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni og verðtilboð.

Verkhönnun og skilamati skal lokið fyrir 18. maí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 28. júlí 2008. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 2. september 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opunarfundur verður þriðjudeginum 9. september 2008 kl. 14:15 þar sem birtar verða einkunnir bjóðanda úr hæfnimati og verðtilboði opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahags-svæðinu.

## Niðurstöður útboða

### Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit 08-066

Tilboð opnuð 22. júlí 2008. Framkvæmdaefirlit við gerð tveggja um 700 m langra hafnargarða Landeyjahafnar, gerð 11,8 km Bakkafjörurvegar (254) frá Hringvegi (1) að Landeyjahöfn, byggingu 20 m langrar brúar á Ála, rekstur 120 m stálpils, gerð vegtengingar frá Bakkafjörurvegi að Bakkafjörugvelli og gerð 3,9 km sjóvarnar- og varnargarða í Bakkafjöru.


Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnimats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verkið hefst í júlí 2008 og því lýkur haustið 2010.

Útboðið var einnig auglýst á Evrópska efnahags-svæðinu.

Bjóðandi *)	Hæfnimat	Tilboð (kr.)
Áætlaður verktakakostnaður		60.074.900
Almenna verkfræðistofan, Reykjavík	4,325	115.285.600
Mannvit, Reykjavík	4,275	112.705.150
Strengingur ehf., Hafnarfirði	4,250	45.200.000

\*) stafrófsröð



## Hlíðarendavegur í Ölfusi (380)

Í síðata tölublaði var auglýst eftir tilboðum í endurgerð 5,3 km langs Hlíðarendavegar í Ölfusi (380). Þessi vegur er núverandi Suðurstrandarvegur (427) en með gerð nýs Suðurstrandarvegar sunnar mun vegurinn breyta um nafn og númer. Endurgerður vegur nær að Hlíðarenda í Ölfusi en þar fyrir vestan verður gamli vegurinn lagður af og notaður sem

reiðleið þegar nýr vegur hefur verið tekinn í notkun.

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2009 en fyrra lag klæðingar skal komið á veginn fyrir 15. október 2008.

Skila á tilboðum í þetta verk þriðjudaginn 29. júlí 2008.

Nýr Suðurstrandarvegur á þessum stað á að vera tilbúinn í september 2011.

## Niðurstöður útboða

### Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325)

08-078

Tilboð opnuð 15. júlí 2008. Endurgerð 0,4 km Heiðarbrautar (3357) og 1,5 km Gnúpverjavegar (325), í nágrenni Árnæss.

Helstu magntölur eru:

Skering	1.400 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	1.500 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	5.030 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.805 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	11.440 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	10.785 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
8 Arnartak ehf., Reykjavík	27.441.630	158,6	8.259
7 Klæðning ehf., Hafnarfirði	25.000.000	144,5	5.818
6 Hlíðarvélur ehf., Biskupstungum	23.680.000	136,9	4.498
5 Gröfutatni ehf., Flúðum	22.999.600	132,9	3.817
4 Nesey ehf., Árnési	22.992.940	132,9	3.811
3 Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	20.285.150	117,3	1.103
2 Vélgrafan ehf., Selfossi	19.750.000	114,2	568
1 Vörubilstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	19.182.200	110,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	17.300.000	100,0	-1.882

### Grafningsvegur efri (360)

#### við Úlfljótsvatn

08-073

Tilboð opnuð 22. júlí 2008. Endurgerð á 1,4 km löngum kafla Grafningsvegur efri (360) við Úlfljótsvatn.

Helstu magntölur eru:

Fylling	4.600 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.800 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	3.900 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.700 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	10.100 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	8.400 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 20. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5 Klæðning ehf., Hafnarfirði	36.000.000	162,2	14.613
4 Arnartak ehf., Reykjavík	29.555.500	133,1	8.169
3 Heflun ehf., Hellu	29.401.000	132,4	8.014
2 Vélgrafan ehf., Selfossi	23.143.600	104,3	1.757
--- Áætlaður verktakakostnaður	22.200.000	100,0	813
1 Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	21.386.600	96,3	0

### Vetrarþjónusta í Eyjafirði og á Hringvegi (1) að Krossi 2008-2013

08-081

Tilboð opnuð 22. júlí 2008. Snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri í Eyjafirði og á Hringvegi frá Akureyri að Krossi í Ljósavatnsskarði. Um verkið verður gerður marksamningur.

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings):

Mokstur og hálkuvörn með vörubíl	63.135 km/ár
Eftirlit á smábíl	40.759 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald	35 klst./ár
Tímar manns	308 klst./ár
Veghefill	37 klst./ár
Hjólaskófla	92 klst./ár

Verktími er frá 1. október 2008 til og með 30. apríl 2013.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5 Malbikun K-M ehf., Akureyri	65.594.810	142,0	26.019
4 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	62.741.050	135,8	23.166
3 Túnþökusala Kristins ehf., Akureyri	50.700.255	109,8	11.125
2 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	46.304.500	100,3	6.729
--- Áætlaður verktakakostnaður	46.185.250	100,0	6.610
1 Ísrefur ehf., Akureyri	39.575.530	85,7	0

### Vatnsdalsvegur (722), Hvammur – Hringvegur

08-025

Tilboð opnuð 22. júlí 2008. Endurgerð á 8,2 km löngum kafla Vatnsdalsvegur (722) frá Hvammi að Hringvegi. Um er að ræða endurbyggingu vegarins frá Hvammi að Hjallalandi (2,1 km) og styrkingu vegarins frá Hjallalandi að Hringvegi (5,9 km). Ennfremur gerð framhjálaups á Hringvegi til móts við Vatnsdalsveg.

Helstu magntölur eru:

Skeringar samtals	39.500 m <sup>3</sup>
Fylling og fláafleygar	42.200 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	7.100 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	9.200 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	56.000 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	104.000 m <sup>2</sup>
Lögn ræsa	250 m
Skurðir	420 m <sup>3</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. ágúst 2009.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5 Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	128.353.000	121,0	21.376
4 Klæðning ehf., Hafnarfirði	126.000.000	118,8	19.023
3 Ístrukkur ehf., Kópaskeri	110.149.445	103,9	3.173
1 Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	106.976.910	100,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	106.036.888	100,0	-940

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Opnað:
08-082 Hörgárdalsvegur (815), 2. áfangi Skriða - Björg	08	
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08	
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtið - hönnun	08	
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08	
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08	
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08	
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08	
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08	
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08	
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08	
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08	
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08	
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08	
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08	
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krýsuvíkurvegur	08	
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08	
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08	
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08	
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08	
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08	
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08	
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08	
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08	
07-039 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08	
07-040 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08	
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	28.07.08	02.09.08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	14.07.08	29.07.08
08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380)	14.07.08	29.07.08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	30.06.08	11.08.08
07-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	30.06.08	11.08.08

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
08-081 Vetrarþjónusta í Eyjafirði og á Hringvegi að Krossi 2008-2013	07.07.08	22.07.08
08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfliótuvatn	07.07.08	22.07.08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	07.07.08	22.07.08
08-078 Heiðarbraut (3357), og Gnúpverjavegur (325)	30.06.08	15.07.08
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	09.06.08	15.07.08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	23.06.08	08.07.08
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg	09.06.08	24.06.08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús	09.06.08	24.06.08
08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálmíði	02.06.08	18.06.08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	02.06.08	18.06.08
08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð	14.04.08	12.06.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07.04.08	20.05.08
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) Sprengisandsleið - Sigalda Heflun ehf.	10.06.08	18.07.08
08-076 Mjóafjarðarferja 2008-2011 Fjarðaferðir	08.07.08	18.07.08
08-074 Vallarvegur (262), Fliótshlíðarvegur - Kotvöllur Heflun ehf.	18.06.08	11.07.08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik á Akureyri Malbikun K-M ehf.	03.06.08	19.07.08
Öllum tilboðum hafnað	Auglýst:	Opnað:
08-075 Girðingar í Hornafirði 2008	02.06.08	18.06.08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	13.05.08	27.05.08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	31.03.08	15.04.08

### Leiðrétting

Í síðasta blaði var verkið:

08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208)  
Sprengisandsleið - Sigalda  
ranglega á lista yfir verk þar sem samningi var lokið.  
Nú er það leiðrétt í listanum.